

FRÉTTABLAÐIÐ


156. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* —

MÁNUDAGUR 4. JÚLÍ 2016

Húh!







Lars Lagerbäck stjórnaði íslenska landsliðinu í síðasta sinn í gær þegar Ísland tapaði fyrir Frakklandi á Stade de France. Hér er hann með Heimi Hallgrímssyni sem tekur nú einn við liðinu. Strákarnir okkar koma heim í dag. Íslendingar ætla að þakka þeim fyrir frábæra frammistöðu og taka á móti þeim á Arnarhóli klukkan sjö í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vikið úr MK fyrir myndir og hnífaburð

Umboðsmaður Alþingis kannar mál menntaskólapilta sem reknir voru úr skóla fyrir óviðeigandi myndbirtingar á internetinu.

MENNTAMÁL Umboðsmaður Alþingis hefur til skoðunar mál sautján ára drengs sem vikið var fyrirvaralaust úr Menntaskólanum í Kópavogi á síðasta ári fyrir óviðeigandi myndbirtingar á netinu af skólasystur sinni og fyrir hnífaburð í skólanum.

Öðrum dreng á svipuðum aldri var einnig vísað úr skólanum á sama tíma í fyrra fyrir myndbirtingar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er um að ræða myndsköpun og myndir

sem birtar voru á lokuðum Facebook-hóp drengja í skólanum, MK bræður.

Mennta- og menningarmálaráðuneytinu bárust snemma á síðasta ári tvær kærur þar sem kærðar voru ákvarðanir skólameistara Menntaskólans í Kópavogi um að vísa drengjunum fyrirvaralaust úr skólanum. Gerðar voru þær kröfur að ákvarðanir skólameistarans yrðu felldar úr gildi.

Ráðuneytið staðfesti með úrskurði í desember síðastliðnum rétt skóla-

meistarans til að vísa drengjunum úr skólanum.

Lögfræðingur foreldra annars drengsins kvartaði í kjölfarið til Umboðsmanns Alþingis sem hefur málið nú til skoðunar. Heimildir Fréttablaðsins herma að þar sé meðal annars til skoðunar hvort ráðuneytið hafi fylgt eftir lagaskyldu sinni við að tryggja að barn fái skólavist í framhaldsskóla. Einnig er verið að kanna hvort gætt hafi verið meðalhöfs

» Mál menntaskólapilta sem sakaðir hafa verið um að birta óviðeigandi myndir af skólasystur sinni í lokuðum hóp á Facebook hafa samkvæmt heimildum blaðsins verið kærð til lögreglu. Ekki fást upplýsingar hjá lögreglu um málin.

þegar ákvörðun um brottrekstur var tekin. Drengurinn fékk þó inngöngu í annan menntaskóla síðasta haust eða nokkrum mánuðum eftir atvikin.

Mál drengjanna voru kærð til lögreglu og send á ákærusvið en ekki fengust upplýsingar frá embættinu um hvort málin hafi verið felld niður eða ekki. Margrét Friðriksdóttir, skólameistari Menntaskólans í Kópavogi, sagðist ekki geta sig um mál einstakra nemenda. – ngy

Hundruð svikin um miða

FRAKKLAND „Ég horfði á 20 til 25 ára stráka hágráta fyrir utan völlinn. Það risti í hjartað á manni að standa þarna í grenjandi rigningunni fyrir utan völlinn og heyra þjóðsönginn íslenska leikinn fyrir innan og vera miðalaus eftir allt þetta ferðalag. Þá brotnuðu margir algjörlega saman,“ segir Hörður Harðarson, Frakklandsfari sem fékk ekki miða á leikinn þrátt fyrir að hafa greitt Birni Steinbekk fúlgur fjár fyrir.

Hundruð Íslendinga, sem höfðu keypt miða af Birni á netinu, komust að þjóðarleikvangi Frakka en fengu enga miða til að komast inn á leikvöllinn. Einn þeirra sem keyptu af honum miða var Kristján Atli Baldursson, athafnamaður á Akureyri, sem keypti 100 miða af honum á rúmar fimm milljónir. Hafði hann útvegað 77 Íslending-



Björn Steinbekk, tónleikahaldari og athafnamaður

um flug og miða en þeir farþegar sátu eftir með sárt ennið. „Þeir miðar sem ég keypti voru aldrei afhentir í París. Ég er bara ónýtur og hef engin orð, er eiginlega í tómu rusli.“

Hundruð Íslendinga hópuðust að Birni Steinbekk, sárir yfir því að hafa ekki fengið miða, og sagði Hörður að lögregla hefði síðan skorist í leikinn. „Annaðhvort var hann leiddur í burtu af lögreglu eða fylgt í burtu af lögreglu,“ segir Hörður. – sa

Kylie og Khloe velja íslenskt

LÍFIÐ Systurnar Kylie Jenner og Khloe Kardashian fengu sér sin tvö úrin hvor úr nýrri línu Gyðju Collection.

Kylie varð fyrri til þess að tryggja sér úrið en þau hafa verið afar vinsæl. Í seinustu viku bættist einnig stórleik-konan Sofia Vergara við kunnahópinn. Beðið er eftir nýrri sendingu og strax kominn langur pöntunar-listi.

– gj / sjá síðu 26



Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Fræga fólkið í Hollywood kom víða við um helgina líkt og sjá má á nokkrum skemmtilegum myndum þar sem það var gripið við bæði leik og störf. **24**

FRÉTTIR Mikilvægt að koma í veg fyrir fyrsta þunglyndiskastið. **4**

SKOÐUN Guðmundur Andri um drauminn sem litar allt. **11**

SPORT Tölfræðin öll úr leiknum í París í gær. **14**

TÍMAMÓT 240 ár eru frá sjálfstæðisfirlýsingunni vestra. **16**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK

• **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Pinex® Smelt
Munddreifitöflur
250 mg



Actavis

Veður



Norðan og norðvestan átt 5-10 m/s í dag. Dálítill væta um landið norðaustanvert. Bjart að mestu sunnan og vestan til á landinu, en líkur á síðdegisskúrum á stöku stað. Hiti 8 til 18 stig, hlýjast suðvestanlands. **SJÁ SÍÐU 18**

Íslamska ríkið ekki að baki árásinni

BANGLADESS Innanríkisráðuneyti Bangladess greindi í gær frá því að hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki bæru ekki ábyrgð á hryðjuverkaárás sem framin var í landinu á föstudag. Samtökin höfðu þó lýst yfir ábyrgð á árásinni, sem var sú versta í sögu landsins.

Sex heimamenn, sem sagðir eru hafa tilheyrt samtökum að nafni Jamaeytul Mujahdeen Bangladesh, tóku 20 í gíslingu og drápu á kaffihúsi í höfuðborginni Dakka. Gíslatökan stóð yfir í hálfan sólarhring. Lögregla bjargaði 13 manns.

Samtökin sem mennirnir tilheyra eru hryðjuverkasamtök frá Bangladess sem voru gerð ólögleg fyrir rúmum áratug og hafa þau engin tengsl við Íslamska ríkið svo vitað sé.


Íslamska ríkið hafði hins vegar birt ljósmyndir af árásarmönnum þar sem þeir stóðu fyrir framan svartan fána samtakanna. Lögreglufröðlingur hafa greint frá því að árásarmennirnir hafi átt vel stæðar fjölskyldur og séu háskólagengnir menn. – þea

Ungt fólk dregst aftur úr

EFNAHAGSMÁL Einstaklingar 25 til 34 ára hafa dregist aftur úr öðrum í tekjum samkvæmt nýrri lífskjaraannsókn Hagstofunnar. Árið 2015 nam miðgildi ráðstöfunartekna hópsins 95,3 prósentum af miðgildi ráðstöfunartekna allra íbúa Íslands en var 101,9 prósent 2004.

Elsti hópurinn, 65 ára og eldri, hefur nálagst ráðstöfunartekjur annarra þó tekjur þeirra séu enn lægri en annarra hópa. Miðgildi ráðstöfunartekna 65 ára og eldri nam 79,5 prósentum af ráðstöfunartekjum allra árið 2004 en var 89,9 prósent á síðasta ári. Best standa þeir sem eru á aldrinum 55 til 64 ára en þar var hlutfallið 121,3 prósent í fyrra miðað við 114,9 prósent árið 2004. – ih

Líkamar málaðir



Árvisss viðburður Vilija Vitkute frá Litháen malar fyrirsetu sína á árlegri líkamsmálmálingarhátíð (World Bodypainting Festival) í Pörtschach am Wörthersee í Austurríki í gær. Viðburðurinn var um helgina, en hann sækir listafólk frá um 45 löndum, auk um 30 þúsund gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stefnir í 300 milljóna halla

STJÓRNSÝSLA Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) á í fjárhagserfiðleikum og stefnir í allt að 300 milljóna króna rekstrarhalla á þessu ári.

Fram kemur í Sunnlenska fréttablaðinu að uppsafnaður rekstrarhalli HSU frá árslokum 2014 til dagsins í dag sé um hálfur milljarður og að búið sé að segja upp átján starfsmönnum á árinu til að stemma stigu við rekstrarvandannum.

HSU fær rúma fjóra milljarða króna frá hinu opinbera. Ljóst er að sú upphæð dugir skammt fyrir rekstrinum og er lausafjárstaðan nú þegar orðin slæm. – sa

18

hefur verið sagt upp hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Strætó skoðar að leyfa gæludýr í vögnunum

Stjórn Strætó veltir fyrir sér að leyfa gæludýr í strætisvögnum enda sé það gert í nágrannalöndum. Ekki gangi að hvetja til billauss lífsstils en útiloka gæludýraeigendur svo frá almenningssamgöngum að sögn stjórnarmanns Strætó.

SAMGÖNGUR Stjórn Strætó er með til skoðunar að leyfa gæludýr í strætisvögnum. „Okkur langar virkilega að fara að skoða það að gæludýr verði leyfð í Strætó í bandi eða búri og fara í tilraunverkefni með það,“ segir Sverrir Óskarsson, fulltrúi Kópavogs í stjórn Strætó.

„Við erum að hvetja fólk til billauss lífsstils og að nota almenningssamgöngur en þá verðum við náttúrulega líka að leyfa að fara með dýrin í heim sókn til annarra eða fara með þau til dýralæknis. Við getum ekki sagt billaus lífsstíll og svo sagt enginn í strætó nema manneskjur,“ segir Sverrir.

„Þetta er gert alls staðar annars staðar og við höfum velt fyrir okkur af hverju við erum eitthvað öðruvísi,“ segir Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó.

Jóhannes á von á því að málið verði tekið fyrir á stjórnarfundum í haust og ákvörðun tekin í framhaldi af því.

Stjórn Strætó hefur látið vinna skýrslu um málið þar sem álit var fengið frá helstu hagsmunaaðilum. „Við vildum skoða þetta mál til þess að hafa upplýsingar um hvernig þetta væri gert og hvaða sjónarmið væru með og á móti,“ segir Jóhannes.

Jóhannes segir margoft hafa verið ýtt á Strætó að leyfa gæludýr í strætisvögnum. „Það er til Facebook-síða sem heitir Hundar í strætó. Þetta hefur mikið verið í umræðunni í gegnum tíðina og sitt sýnist hverjum,“ segir hann. Á síðasta ári fór fram undirskriftasöfnun þar sem hvatt var til að leyfa gæludýr í strætó og söfnuðust riflega fjögur þúsund undirskriftir.

Sverrir bendir á að reglugerð um hollustuhætti banni flutning dýra í almennum farþegarymum sam-



Hundurinn Vaskur bíður með eiganda sínum eftir strætó á Bústaðaveginum. Nú gæti biðin farið að styttest fyrir Vask. FRÉTTABLAÐIÐ/HANNA

Þetta er gert alls staðar annars staðar og við höfum velt fyrir okkur af hverju við erum eitthvað öðruvísi.

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó



göngutækja að undanskildum hjálparhundum. Því þurfi væntanlega að gera breytingar á reglugerðinni eða veita undanþágu frá henni til þess að hægt sé að hleypa gæludýrum í strætó.

Sverrir tók málið upp á bæjarstjórnarfundum hjá Kópavogsbæ þar sem hann situr sem bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar. „Mér heyrir bæjarstjórn Kópavogs vera mjög jákvæð,“ segir hann. Einnig hafi stjórnarmenn í Strætó tekið jákvætt í hugmyndina þótt engin ákvörðun hafi verið tekin. ingvar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

59,5%

íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldursbilinu 12–80 ára lesa Fréttablaðið daglega.*

Sá fjöldi myndi fara langt með að fylla sæti Laugardalsvallar tíu sinnum.

Gallup, janúar–mars 2016



Allt sem þú þarft ...

Takk!



Sögulegur árangur íslenska karlalandsliðsins á EM í Frakklandi er verðskuldaður, ævintýrlegur og framar björtustu vonum. Við óskum landsliðinu og þjóðinni allri innilega til hamingju. Nú fögnum við öll strákunum okkar við heimkomuna og höldum áfram að hvetja íslenskt knattspyrnufólk til frekari dáða hvert sem leiðin liggur næst. **Áfram Ísland!**



Svínabændur fá minna á meðan verðið hækkar í verslunum

LANDBÚNAÐUR Á meðan verð til svínabænda hefur lækkað um tíu prósent hefur verð úti í búð hækkad um 7 prósent. Svínabændur eru ósáttir við stöðuna og segja þetta grafa undan svínakjötsframleiðslu í landinu.

Svínabændur eru því skildir eftir í verðhækkunum á markaði. Hækkun verðlagsins kemur því annars staðar

frá en í hækkandi afurðaverði til bænda. „Þetta styður við mjög margt sem við höfum sagt áður um verðlækkanir vegna innflutnings eða breytinga á tollum. Þær skila sér ekki til neytenda. Innflutningur á svínakjöti hefur aukist, verði er haldið niðri til bænda en aðrir hafa á sama tíma notið góðs af hækkuninni. Það

er engin sanngirni í því,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður bændasamtakanna.

Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur hlutur innflutts svínakjöts stækkað nokkuð samanborið við sama tíma í fyrra. Svínabændur eru því uggeandi yfir stöðunni og segja það mjög erfitt að reka svínabú á Íslandi í dag.

Þetta er ekki einfalt líf eins og staðan er núna.

Björgvin Jón Bjarnason, formaður félags svínabænda



„Þetta er ekki einfalt líf eins og staðan er núna. Við finnum fyrir þessari breytingu. Það er minna eftir og á sama tíma erum við með mjög stífa fjárfestingarkröfu frá hinu opinbera um að breyta svínabúunum og það er enginn afsláttur gefinn af því,“ segir Björgvin Jón Bjarnason, formaður Félags svínabænda. – sa

Tvö mannskæð slys um helgina

SLYS Tvö banaslys áttu sér stað um helgina. Á föstudaginn lést fjögurra ára gamall drengur í bruna á Stokkseyri og á laugardaginn lést maður á áttæðisaldri þegar bifreið rann á hann.

Drengurinn sem lést í brunanum á Stokkseyri hét Hjalti Jakob Ingason og var fæddur 2. maí árið 2012. Hann bjó ásamt foreldrum sínum og tveimur yngri systkinum að Heiðarbrún á Stokkseyri. Þegar slökkvilið bar að var húsbíllinn, sem drengurinn var í, alelda.

Tæknideild lögreglunnar vinnur að rannsókn slyssins og eldsupptakanna í húsbílunum.

Karlmaðurinn sem lést síðdegis á laugardag var að vinna að lagfæringum á vörubifreið í Hraunbæ í Reykjavík. Bifreiðin virðist hafa farið af stað og runnið á manninn með þeim afleiðingum að bani hlaut af. Lögregla fer með rannsókn málsins en ekkert bendir til annars en að maðurinn hafi látist af slysförum.

Ekki er hægt að greina frá nafni mannsins að svo stöddu. – sa

Vilja fanga sumarið á mynd

VIÐSKIPTI Ferðabjónustan og landbúnaðurinn hafa tekið höndum saman og sett af stað leik sem sagður er fagna sumarilminum í sínum ólíku myndum. Auglýst er eftir myndum sem fanga sumarstemninguna og lýsa samspili ferðabjónustu og landbúnaðar.

Myndirnar eru birtar á vefnum sumarilmur.is og í hverri viku verður sú mynd valin sem best þykir fanga anda sumarsins í sveitum landsins. „Sá sem á mynd vikunnar fær glæsileg verðlaun en á meðal vinninga eru gisting og afþreying innanlands og alls kyns upplifun tengd mat og öðru sumarlegu. Vinningshafar verða kynntir á Rás 2 og þeir fengnir til að segja frá sögunni á bakvið myndina,“ að því er fram kemur í tilkynningu.

Sumarilmur er samstarfsverkefni Samtaka ferðabjónustunnar og samtaka bænda og fyrirtækja í landbúnaði 2016. – óká

Segir mikilvægt að koma í veg fyrir fyrsta þunglyndiskastið

Íslenskur sálfræðingur hefur þróað forvarnir fyrir unglunga gegn kvíða og þunglyndi. Hann segir mikilvægt að koma í veg fyrir fyrsta alvarlega þunglyndiskastið. Niðurstöður rannsókna hans sýna góðan árangur.

GEDHEILBRIGÐISMÁL Talið er að um helmingur ungmenna sem greinast með mörg einkenni þunglyndis á aldrinum 14 til 15 ára fái sitt fyrsta þunglyndiskast fyrir tvitugt. Sýnt hefur verið fram á tengsl þunglyndis og kvíða, röskunar á atferli og á matarvenjum, reykinga og áfengisneyslu, erfiðleika í og brottfalls úr skóla.

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, hefur þróað forvarnarnámskeið gegn kvíða og þunglyndi á unglingastigi, en hvort tveggja fer vaxandi á Íslandi.

Námskeiðið er byggt á hugmyndum hugrænnar atferlismeðferðar meðal ungmenna með mörg einkenni þunglyndis og er afrakstur rannsóknar Eiríks og samstarfsmanna.

Rannsóknin var framkvæmd með þeim hætti að fyrst var skimað eftir einkennum í níunda bekk í hverjum skóla. Há einkunn í mati leiddi til greiningar. Þeim sem ekki greindust með alvarlegt þunglyndi var boðin þátttaka. Raðað var af handahófi í tilrauna- og samanburðarhóp.

Námskeiðið var 14 kennslustundir á 12 vikum. Nemendur fengu sérstaka handbók með fræðsluefni og verkefnum og kennslan fór fram með fyrirlestrum, umræðum og æfingum. Haldin voru námskeið í sex sveitarfélögum og árangur metinn við háls og eins árs eftirfylgd.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að námskeiðið, sem er kallað Hugur og heilsa, dró marktækt úr einkennum þunglyndis og spornaði við þróun þess. „Þátttakendur virtust halda áfram að nýta sér það sem þeir lærðu. Niðurstöðurnar ættu að auka vægi forvarna í skólakerfi og heilbrigðisþjónustu og nýtast þeim sem fást við geðræn vandkvæði og nýnæmið er forvörn geðröskunar,“ segir Eiríkur.

Eiríkur segir mjög mikilvægt að koma í veg fyrir fyrsta þunglyndiskastið. Það gæti haft áhrif á náms-



Unglingar sem eru í hættu á að þróa með sér þunglyndi geta fengið stuðning með aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar.

NORDICPHOTOS/GETTY

12-15

Þúsund Íslendingar þjást á hverjum tíma af þunglyndi, að mati Landlæknis.

Með því að kenna börnum að takast á við andstreymi er líklegra að þau standi sig betur.

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur



árangur, atvinnu, félagshæfni, lífsgæði, dregið úr þörf fyrir lækniþjónustu og misnotkun áfengis og fíkniefna síðar á lífsleiðinni.

„Forvarnir kynnu að lengja og bæta líf þeirra sem eru í áhættuhópi. Með því að kenna börnum að takast á við andstreymi er líklegra að þau standi sig betur.“

Markmiðið er að styrkja viðnámsþróttinn. Tilgangur rannsóknar minnar var að kanna hvort unnt væri að koma í veg fyrir þróun þunglyndis meðal ungmenna, sem ekki hafa greinst með það,“ segir Eiríkur.

Hann bendir á að námskeiðið sé haldið í níunda bekk. „Það er mikilvægt að grípa inn í því á þessum tíma í lífi barna verða miklar breytingar og fyrstu merki alvarlegrar geðlægingar fara að sjást. Á næstu árum verður veruleg aukning bæði hjá drengjum og stúlkum,“ segir

Eiríkur en kynjamunurinn er mikill. Þunglyndi er helmingi algengara á meðal stúlkna en drengja. „Rannsóknir hafa leitt í ljós að allt að fjórðungur ungmenna eigi við alvarlegt þunglyndi eða óyndi að stríða áður en þau ljúka framhaldsskólánámi,“ segir Eiríkur og ítrekar að þeir sem finni fyrir þunglyndiseinkennum eigi frekar á hættu en aðrir að glíma við þunglyndi aftur seinna á ævinni.

Niðurstöður rannsóknarinnar hafa birst í ritrýndum innlendum og erlendum tímaritum. Árangur námskeiðsins hefur einnig verið rannsakaður við háskólann í Coimbra í Portúgal og þar hefur það skilað svipuðum árangri og hér á landi.

Eiríkur segir að jafnvel þótt dregið sé tiltölulega lítið úr nýgengi þunglyndis hafi það veruleg heilsuhagfræðileg áhrif.

kristjanabjorg@frettabladid.is

Tilboð vikunnar

4. júlí – 8. júlí



Grillspjót

★ 1.890 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

SAMSUNG S7 HJÁ NOVA!

1 GB
netnotkun eða
1.000 kr.
á mán. í 6 mán.
fylgir!

1 GB
netnotkun eða
1.000 kr.
á mán. í 6 mán.
fylgir!

**SAMSUNG S7
PINK GOLD
FÆST AÐEINS
HJÁ NOVA!**

Samsung Galaxy S7 edge 32 GB

129.990 kr. stgr.

Nýir litir: bleikur og silfur

Fæst einnig í greiðsludreifingu

Samsung Galaxy S7 32 GB

109.990 kr. stgr.

Nýir litir: bleikur og silfur

Fæst einnig í greiðsludreifingu

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

NOVA



Í kjötvinnslunni hjá Fjallalambi á Kópaskeri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nota má síma til að kanna upprunann

Með því að skanna pakkingar á lambakjöti frá Fjallalambi með farsíma getur fólk lesið sér til um uppruna vörunnar. Upplýsingar eru gefnar um bændur og skoða má myndir af bústörfunum.

LANDBÚNAÐUR Fjallalambi á Kópaskeri hefur sett merkingar um uppruna afurðanna á umbúðir sínar í verslunum. Nú geta neytendur skoðað með snjallsíma sínum hvaðan kjötið kemur áður en varan er keypt. Vill fyrirtækið með þessu auka þjónustu við neytendur.

„Þetta verkefni hefur verið í gangi hjá okkur í nokkuð langan tíma,“ segir Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambis. „Nú erum við komin það langt að hægt er að skanna pakkingar á lambakjöti frá okkur og þá getur neytandinn séð hvaðan lambið kemur, lesið sér til um bændurna á bænnum og séð myndir af bústörfunum.“

Mikið hefur verið rætt um það síðustu árin að auka gagnsæi í ræktun á Íslandi og að rekjanleikinn frá býli til neytandans sé sem bestur.

Svavar Halldórsson, framkvæmdastjóri Félags sauðfjár-bænda, er að vonum ánægður með að þetta verkefni sé loks komið á koppinn. „Við erum afskaplega ánægð með þetta verkefni. Þetta er metnaðarfullt og sýnir að við viljum þróa ræktunina inn í nútímann,“ segir hann og bendir á að sauðfjár-bændur séu í sinni ræktun með eitt öflugasta skráningar-kerfi í heimi þar sem nákvæmt bókhald sé um hvert einasta lamb.

Nú er neytandinn nær þér og því veitir þetta miklu meira aðhald, bæði hvað varðar að framleiðslan sé góð sem og að velferð dýra sé í forgangi.

Björn Víkingur Björnsson, framkvæmdastjóri Fjallalambis



„Og þessum upplýsingum viljum við skila áfram til neytenda.“

Neytendur geta með þessu skoðað í verslunum upplýsingar um býlin, fjölda áa, fjölda dýra sem slátrað var í síðustu sláturtíð og séð meðalfallþunga dilka. Einnig er hægt að lesa sér til um ábúendur og fá myndir af sauðfjár-búunum beint upp í símann.

Björn Víkingur segir þetta fyrirkomulag einnig hafa þann kost að bændur þurfi að gjöra svo vel að hafa allt í toppstandi á búum sínum. „Bændur þurfa nú að vera á tánum. Nú er neytandinn nær þér og því veitir þetta miklu meira aðhald, bæði hvað varðar að framleiðslan sé góð sem og að velferð dýra sé í forgangi,“ segir Björn Víkingur. sveinn@frettabladid.is

Í Kína



Kínamúrinn heimsóttur Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, skoðar hér Kínamúrinn við Badaling skammt utan við Peking, höfuðborg Kína, í gær. Tsipras, sem er fyrir miðju hér að ofan, er í opinberri heimsókn í Kína og á bókaða fundi með ráðamönnum þar til að efla tvíhliða tengsl landanna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPÁ

Versti mánuður á hlutabréfamarkaði síðan í janúar


VIÐSKIPTI Þrátt fyrir hækkanir á evrópskum hlutabréfum og gengi pundins fyrir helgi, áttu alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir sinn versta mánuð í júní síðan í janúar.

Í byrjun árs hrundu kínverskir hlutabréfamarkaðir og fylgdu alþjóðahlutabréfamarkaðir í kjölfar-

ið. Oliuverð tók einnig dýfu. Samanlögð áhrif af þessu voru einn versti mánuður á markaði í nokkur ár.

Reuters greinir frá því að alþjóðlegar áhyggjur af hagvexti, offramleiðsla á olíu sem og áhrif niðurstöðu Brexit-kosninganna hafi valdið lækkingum í júní.

Útlit er fyrir að MSCI All-Country vísitalan hafi lækkað um 1,6 prósent í mánuðinum, sem er versti mánuður vísitölnunnar síðan í janúar. Þetta verður í fyrsta sinn síðan 2011 sem alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir lækka tvo ársfjórðunga í röð. – sg



Beltone Legend™ Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is



STÓRGLÆSILEGUR JEPPI BÚINN NÝJU **SKYACTIV** FJÓRHJÓLADRIFI



MAZDA CX-5 AWD FRÁ 5.490.000 KR.

SKYACTIV
TECHNOLOGY



Mazda CX-5 jeppinn ber af í sínum flokki enda stórglæsilegur á að líta og búinn öllu því besta frá Mazda. Með byltingarkenndri SkyActiv tækni hefur Mazda náð fádæma árangri í að draga úr eyðslu og mengun án þess að fórna afli eða viðbragði - enda er framúrskarandi akstursupplifun eitt aðalmerki Mazda. Ný kynslóð SkyActiv fjórhjóladrifs gerir Mazda CX-5 rásfastari og enn sprækari. Að komast leiðar sinnar verður leikur einn.

Mazda CX-5 AWD hlaut 5 stjörnur af 5 mögulegum í öryggisprófunum Euro NCAP og er því einn öruggasti bíll í heimi. Nýju aðlögunarhæfu LED framljósir veita meiri birtu, auka öryggi, draga úr eyðslu og gefa bílnum skarpara útlit. Ný innrétting og betri hljóðeinangrun stuðla að enn meiri þægindum. Nýtt hraðvirkt margmiðlunarkerfi býður upp á GPS vegaleiðsögn, handfrjálstan búnað fyrir farsíma og aðra fjölbreytta möguleika.

Komdu og reynsluaktu Mazda CX-5 AWD

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17. Opnð á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | mazda.is

Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Nýr vefur

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

Barna- og vaxtabætur lækkað um milljarða á þessu kjörtímabili

ALÞINGI Barnabætur hafa lækkað um 200 milljónir að raunvirði á þessu ári og vaxtabætur hafa lækkað um tæplega 3,3 milljarða króna. Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, gagnrýnir forgangsroðun stjórnvalda en varaformaður fjárlaganefndar fagnar þessum tölum.

Árið 2016 voru greiddar barnabætur 10,8 milljarðar samanborið við rúma 11 milljarða árið 2013. Árið 2013 var níu og hálfum millj-

arði varið í vaxtabætur frá ríkinu en þær eru 6,2 milljarðar í ár. Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, segir þetta fagnaðarefni.

„Nú er það þannig að skuldir heimilanna hafa lækkað mikið á þessu kjörtímabili og við höfum forgangsraðað til þess að lækka skuldir heimilanna. Það hefur tekist. Í takt við hækkandi laun og minnkandi skuldsetningu heimilanna lækka

Katrín Jakobsdóttir,
formaður
Vinstri-grænna



Guðlaugur Þór Þórðarson,
varaformaður fjárlaganefndar Alþingis

því vaxtabætur frá ríkinu. Því ættum við að fagna þessum árangri. Vaxtabætur eru í sjálfu sér slæmt form af stuðningi og ýta undir skuldsetningu,” segir Guðlaugur Þór.

Katrín Jakobsdóttir er ekki samþála fullyrðingum Guðlaugs Þórs og segir þarna kristallast muninn á hægri og vinstri stjórnunum.

„Við gagnrýndum þetta í fjárlagavinnunni. Hér er verið að skerða bætur til fólks án pólitískrar

umræðu og breyta skattkerfinu. Þessar breytingar koma því mest niður á millitekjuhópnum,” segir Katrín. „Hér er verið að draga verulega úr stuðningi við fólk og barnafjölskyldur og umhugsunarefni hvaða skilaboð verið er að senda. Á meðan veiðigjöld og hátekjuskattur lækka og fjármagnstekjuskattur hækkar mun minna en annar skattur er verið að auka á misskiptinguna.“ – sa

May gæti tekið við í Bretlandi

BRETLAND Innanríkisráðherrann Theresa May, einn frambjóðandi í formannskosningum Íhaldsflokks Bretlands, hafnaði staðhæfingu andstæðinga sinna, Andreu Leadsom og Michaels Gove, um að komandi formaður þyrfti að hafa stutt Brexit, útgöngu Brets úr Evrópusambandinu. May var sjálf andvíg Brexit. Næsti formaður Íhaldsflokksins mun einnig taka við forsætisráðherraembættinu af David Cameron í haust.

May sagði í viðtali við BBC að forsætisráðherrann og formaðurinn þyrfti ekki að vera Brexit-sinni, mikilvægara væri að geta sameinað Breti eftir sundrandi þjóðaratkvæðagreiðslu. „Fólk er ekki bara að leita að Brexit-forsætisráðherra heldur forsætisráðherra sem getur stýrt landinu í heild sinni,” sagði May við BBC.

Samkvæmt nýjustu skoðanakönnun, sem birt var í síðustu viku, nýtur May stuðnings um 36 prósent kjósenda Íhaldsflokksins. Aðeins einn annar frambjóðandi mælist með yfir tíu prósent fylgi en það er Boris Johnson sem mælist með 27 prósent. Síðan könnunin birtist hefur Johnson, fyrrverandi borgarstjóri Lundúna, lýst því yfir að hann ætli ekki í framboð. Gerði hann það eftir að Gove hætti við að styðja hann og fór sjálfur í framboð. Þá tilkynnti Leadsom í gær að hún nýti stuðnings 50 þingmanna Íhaldsflokksins. – þea



Theresa May, innanríkisráðherra Brets

Á annað hundrað fórst í árás

Stór hluti fórnarlamba árásar Íslamska ríkisins í Bagdad í Írak í gær voru börn. Forsætisráðherra var grýttur þegar hann mætti og að honum hrópuð ókvæðisorð. Árásin er sú mannskæðasta í Írak það sem af er ári.

ÍRAK Að minnsta kosti 125 féllu í sprengjuárás í Bagdad, höfuðborg Íraks, í gær. Þá særðust einnig um 150 manns í árásinni. Fimm létust í annarri árás norðan við höfuðborgina nokkru seinna. Stór hluti hinna látnu voru börn.

Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki lýstu fljótlega yfir ábyrgð á árásinni en lögreglan í Bagdad greindi frá því að bílsprengja hefði sprungið á verslunargötu í Karrada-hverfi borgarinnar. Fjöldi fólks var saman kominn á götunni til að rjúfa saman föstu ramadanmánaðarins. Sprengingin kveikti mikið bál og skemmdust byggingar á svæðinu verulega. Slökkvilið mætti fljótlega á svæðið og slökkti elda ásamt því að bjarga fólki úr byggingunum sem voru meðal annars kaffihús og líkamsræktarstöð.

„Þetta er forkastanlegur heigulsháttur sem á sér fáar hliðstæður. Það að beina spjótum sínum að friðsömum borgurum á lokadögum hins helga mánaðar ramadan á meðan þeir búa sig undir hátíðisdaginn Eid-ul-Fitr er forkastanlegt,” sagði Ján Kubiš, talsmaður aðalritara Sameinuðu þjóðanna og vísaði til Eid-ul-Fitr, dagsins eftir ramadan.

Haider al-Abadi, forsætisráðherra Íraks, fékk ekki góðar mótörkur frá viðstöddum þegar hann mætti á svæðið í gær og hrópuðu viðstaddir ókvæðisorð að forsætisráðherranum. Einnig var bílalest forsætisráðherrans grýtt með smásteinum.



Eyðileggingin var mikil í Bagdad í gær. Þessi írakski slökkviliðsmaður mætti á svæðið til að slökkva elda og bjarga fórnarlömbum. NORDICPHOTOS/AFP

Ahmed Maher, fréttamaður BBC í Bagdad, sagði ástæðu reidinnar vera aðgerðarleysi forsætisráðherrans. Maher sagði tölvuþrjóta hafa brotist inn á vefsíðu innanríkisráðuneytisins og sett mynd af dánubarni á forsiðu ráðuneytisins ásamt teikningu af gervisprengjuleitarvél. Sagði Maher slíkar gagnslausar vélar

en í notkun viðs vegar um Bagdad.

Hryðjuverkasamtökin sem kenna sig við íslamskt ríki fara enn með völdin á stórum landsvæðum í norðvesturhluta Íraks, til að mynda í Mósúl, næstfjölmennustu borg Íraks. Hins vegar vann írakski herinn borgina Fallúdsja af hersveitum Íslamska ríkisins í síðustu viku.

Sprengjuárásin í Karrada-hverfi er sú mannskæðasta í Írak það sem af er ári en íslamska ríkið hefur gert sjö aðrar stórar árásir frá áramótum. Til að mynda voru þrjátíu myrtir í tveimur sprengjuárásum í Bagdad 9. júní og 93 í bílsprengingu í Sadr-hverfi Bagdad í maí. thorgnyr@frettabladid.is



www.volkswagen.is

Nýr Volkswagen Caddy

Góður vinnufélagi

Við kynnum til leiks fjórðu kynslóð af vinsælasta atvinnubíl á Íslandi undanfarin ár. Enn meiri staðalbúnaður, aukin öryggi og öflugri vélar eru aðeins nokkur atriði sem gera hinn nýja Caddy svo aðlaðandi. Nú kemur Caddy líka í fimm og sjö manna fjölskylduútfærslu með nálgunarvara og loftþúfum fyrir öikumans- og farþegarými.

Nýr Volkswagen Caddy kostar frá

2.670.000 kr.

(2.153.226 kr. án vsk)



Atvinnubílar

HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.

www.volkswagen.is



HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Takk.



Trúum á frið



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Það fylgja því ákveðin forréttindi að tilheyra smáþjóð í Norður-Atlantshafi. Að vera Íslendingur felur í sér rétt barna til menntunar, skoðana- og málfrelsi, frambærilega heilsugæslu, aðgang að hreinu vatni, viðunandi húsnæði og margt fleira mætti til taka. Fátt er þó í senn jafn vanmetið og mikilsvert og sú staðreynd að íslenskur her hefur blessunarlega aldrei orðið að veruleika. Víða um veröld og jafnvel í nágrannalöndum okkar hafa býr fólk við brölt hernaðarsinna sem fyrr eða síðar endar með sóun mannlífa bæði úr röðum viðkomandi herafila sem og almennra borgara.

Ísland hefur þó illu heilli tekið þátt í slíku brölti með yfirlýsingum og undirlægjuhætti við þá sem telja heiminum betur borgið framan við byssukjafa svo lengi sem sá sem tekur í gikkinn tilheyrir viðunandi þjóðerni, trúarbrögðum eða skoðunum. Þó svo að baki liggja alla jafna græðgi umfram gæsku og valdafíkn fremur en vinarþel er hernaðarsinum ætíð tamt að ala á ötta við allt sem er annað en það sem við þekkjum í okkar daglega lífi.

Það er því dapurleg staðreynd að Lilja Alfreðsdóttir utanríkisráðherra hafi nú undirritað viljayfirlýsingu um auknið hernaðarbrölt á Íslandi. Forsendan er auðvitað breytingar. Að breytt umhverfi á svæðinu kalli á meira hernaðarbrölt í nafni öryggis. Hernaður er reyndar ekki líklegur til þess að stuðla að öryggi borgaranna, það þekkjast íbúar stríðshrjáðra landa um allan heim, en það má engu að síður gefa sér þá forsöndu að utanríkisráðherra telji sig vera að stuðla að auknu öryggi þjóðarinnar með auknum umsvifum Bandaríkjahers á Íslandi.

En þessi ákvörðun er risavaxin og hún varðar okkur öll sem þjóð. Slík ákvörðun ætti því alltaf að koma í framhaldi af opinni umræðu bæði kjörinna fulltrúa, sem Lilja er reyndar ekki, sem og auðvitað þjóðarinnar sem á að fá að hafa sitt að segja í þessum efnunum í opinni og almennri umræðu um málið. Að geyma það fram á síðasta starfsdag utanríkisráðgjafarinnar að tilkynna um fyrirhugaða undirritun boðar ekki gott í vinnubrögðum utanríkisráðherra og í framhaldinu hlýtur nefndin að fara fram á vandaðri stjórnsýslu í framtíðinni.

Hernaður er hluti af daglegum veruleika stórþjóða á borð við Bandaríkin en það þýðir ekki að hann þurfi að vera hluti af veruleika íslensku þjóðarinnar með nokkrum hætti. Langt frá því Íslendingar hafa alla möguleika á að hafna hernaði og að leggja sitt af mörkum til friðar og farsældar í heiminum með opinni umræðu og hvatningu til almennrar afvopnunar. Slík afstaða og framkvæmd hugmynda um frið og farsæld kallar vissulega á hugrekki stjórnmalamanna til þess að láta ekki stjórnast af öttapólitík og meðvirkni með hugmyndum stórþjóða um heiminn. En uppskeran yrði líka margfalt meiri fyrir litla þjóð sem þorir að láta að sér kveða og vera þjóð á meðal þjóða. Þjóð sem trúir á frið og velsæld í stríðshrjáðri veröld.



En uppskeran yrði líka margfalt meiri fyrir litla þjóð sem þorir að láta að sér kveða og vera þjóð á meðal þjóða.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágvæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Við-risinn

Ef marka má orð stjórnarherra þessa lands eru þeir og hálfur mánuður þar til gengið verður að kjörborðinu í þingkosningum hér á landi. Þjóðin hefur síðasta mánuðinn verið önnur kafin við að lesa allar fréttir sem hún kemst í um strákana okkar og frægðarför þeirra á frönskum knattspyrnuvöllum. Því var það ágætis áminning um komandi kosningar að fá þjóðarpúls Gallup um helgina. Fylgi flokka var kannað meðan á EM stendur yfir. Viðreisn, sá flokkur sem hafði minnst fylgi í síðustu könnun, stökk upp í 4.-5. sæti. Það rimar kannski ágætlega við íslenska landsliðið.

Leyfum okkur að vera montin Enn og aftur beinast augu heimsbyggðarinnar að þessari litlu eldfjallaeyju norður í ballarhafi; þjóð sem lítið hefur gert annað síðustu áratuginna en verið með uppskrúfað þjóðarstolt, oftar en ekki byggt á sandi. Hins vegar er innistæða fyrir því að loft sé í brjosti okkar eyjar-skeggja því við megum vera stolt af árangri okkar í Frakklandi allt frá því herlegheitin fóru af stað hjá okkur þann 14. júní. Í sjálfu sér ættum við að leyfa okkur að vera stolt og gleyma dagsins amstri eða pólitík um sinn. Eins og einn gárungurinn sagði: „Í dag erum við öll Mývetningar, uppfull af monti“.

sveinn@frettabladid.is

Raunveruleiki fyrir 2% þjóðarinnar!



Vilborg Oddsdóttir
félagsráðgjafi
hjá Hjálparstarfi
kirkjunnar



Það verður að opna aðgengi fyrir þá sem búa við sárafátækt til þeirra sem taka ákvarðanir, aðeins á þann hátt er hægt að taka þau skref sem þarf til að útrýma fátækt á forsendum þeirra sem við hana búa.

Það má búast við að ég sé að drepa alla gleði og stemningu sem ríkir á landinu með því að fara að tala um sárafátækt, en ég læt vaða enda málið mér skylt. Á Íslandi lifa tvö prósent þjóðarinnar við sárafátækt, sem gerir 6.400 einstaklingar sem búa við alvarlegan skort á efnislegum gæðum, geta ekki borðað þann mat sem ráðlegt er að borða, ekki mætt óvæntum útgjöldum, ekki greitt fyrir lyf né lækniþjónustu nema að láta annað, eins og húsaleigu eða mat, sitja á hakanum. Eitt er öruggt að þær fjölskyldur sem búa við sárafátækt fara ekki í sumarfrí með börnin sín eða geta greitt fyrir áskrift af EM í fótbolta til að fylgjast með strákunum okkar.

Ég hef undanfarnin ár velt því fyrir mér hvernig við getum útrýmt sárafátækt, hvert sé hlutverk stjórnmalamanna, hvað þeir sem búa við þessar aðstæður geta gert og hvert hlutverk fagfólks sé. Eitt er víst að lausnir er að allir þessir aðilar verða að vinna saman til að breyta og bæta líf þeirra fjölskyldna sem búa við sárafátækt. Þrátt fyrir vilja og fögur fyrirheit þá hefur ekki tekist að breyta þessari nóturlegu staðreynd.

Ég hef velt fyrir mér hvort það geti legið í því hvernig og hvaða upplýsingar stjórnmalamaðurinn fær til að geta tekið réttar ákvarðanir. Hversu oft fá þeir sem búa við fátækt að vera með í stefnumótun eða ákvarðanatöku t.d. innan sveitarfélaga þegar verið er að fjalla um gjaldskrá eða niðurskurð á þjónustu. Svarið er nánast aldrei. Í stað þess að vera í beinu samtali við þá sem búa við fátækt er leitað til hagsmunasamtaka og fagfólks og það er á okkar ábyrgð að túlka þarfir hópsins sem til okkar leitar. Þar liggur hættan, við erum alltaf að túlka eða að bera á milli.

Það verður að opna aðgengi fyrir þá sem búa við sárafátækt til þeirra sem taka ákvarðanir, aðeins á þann hátt er hægt að taka þau skref sem til þarf til að útrýma fátækt á forsendum þeirra sem við hana búa.

Húh!



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Þetta er skrifað á sunnudagsmorgni – í gær – og ég veit ekki hvort við erum enn vöknud eða hvort draumurinn heldur enn áfram með þátttöku í undanúrslitum. Hvernig sem fór og hvað sem gerðist í gær litar þessi draumur allt. EM-ævintýrið hefur breytt okkur; sjálfmynd okkar og ásýnd þjóðarinnar á alþjóðavettvangi.

Andlit íslenska fótboltans

Hvað sér heimurinn? Gleði. Andlit íslenska fótboltans er svipurinn á Aroni Einari fyrirliða í leiknum við Englendinga eftir að hann hefur hlaupið af sínum vallarhelmingi á 83. mínútu leiksins, komist með harðfylgi í færi en ekki náð að skora, og horfir í myndavélina úrvinda, langmeiddur og skælbrosandi, eins og til að segja við okkur: Hrikalega er þetta gaman! Á fyrirliðabandinu um handlegginn standa orðin „No to racism“ og „respect“. Á bak við hann er ráðalaus Tjalli með lokuðu augu og allur úr fókum. Búinn að tapa – fyrir löngu.

Heimurinn sér gleði og virðingu. Kringum landsliðin okkar í fótbolta hefur myndast falleg stemmning, sem er óralangt frá þeirri bullmenningu sem víða um lönd er tengd fótboltanum, þar sem fullir karlmenn fara um í flokkum, berjandisk og bölvandisk. Íslensku áhagendurnir eru við: þarna eru konur og börn, afar og ömmur, sérvitringar og félagsljómar, skrifstofublækur, sálfræðingar og gjaldkerar. Og auðvitað alls konar gaurar með sinn gauragang. Þar munar mest um Tólfuna, félagsskap fótboltaáhugamanna sem hóf störf árið 2007 til að efla stemmninguna á áhorfendapöllum, og kalla sig svo vegna þess að stuðningsmennirnir eru tólfti maðurinn á vellinum. Frá Tólfunni streyma þrælskipulögð fagnaðarlæti, stanslaus taktur og liflegir söngvar, og haglega smíðuð slagorð – og fyrst og fremst andrúmsloft; hrópin eru fyndin, hugkvæm og hvetjandi og mjög áhrifamikil. Aldrei verður vart við rætni í garð andstaðinga, leiðindi eða ofstopa. Þetta er eintóm gleði.

Áfram Ísland og Áfram Ísland-aand

Við erum komin langan veg frá þeirri drungalegu stemmningu sem ríkti stundum í gamla daga á fótboltaleikjum hér á landi. Kannski birtist munurinn í því hvernig við segjum Áfram Ísland. Forðum var þetta stutt og hörkulegt, atkvæðin höggvin í sundur eins og það væri eitthvað óþægilegt við að hafa þessi orð uppi í sér og það þyrfti að hrækja þeim út úr sér og einungis einu atkvæði í einu. Áhorfendur voru eins og argur verkstjóri að segja mönnum að drífa sig áfram. Menn rifu sig upp í hrópið með áreynslu og hálfgerðum þrautum, eins og þetta væri hvítleið skylda og hljómuðu fyrir vikið eins og þeir væru bálreiðir. Svona nú, áfram! Gamla reiða Ísland. Hrópið fjarði yfirleitt fljótlega út enda vildi enginn hvetja liðið lengur en nauðsynlega þurfti og svo var þessi eina íslenska sókn líka búin svo fljótt



Sú hugmynd að fá sænskan þjálfara til liðs við Íslendinga var áreiðanlega genialasta hugmynd Íslendings frá stofnun Lýðveldisins. Sænskir íþróttamenn hafa til að bera ákveðna eiginleika sem Íslendinga hefur skort fram að þessu; aga, skipulagshæfileika, samvirkusemi en umfram allt – og einmitt það sem okkur hefur alltaf fundist svo óþolandi við Svía – sigurvissu.

og boltinn fokinn eitthvað upp í áhorfendastæðin ...

Allt í einu er farið að söngla þetta – Áfram Ísland-aand svolítið letilega, dregið á langinn, bundið saman það sem áður var höggvið í sundur. Sjálft sönglið er komið frá áhagendum Tottenham Hotspur – Come on you Spurs – eins og annað gott í íslenskum fótbolta og annarri menningu fáum við þetta frá öðrum þjóðum.

Merkilegt með þjóðmenningu. Hún er til en það er eiginlega ekki hægt að skilgreina hana, því að þjóð og þjóðmenning er opið kerfi sem sífellt er að bætast eitthvað við, manneskjur og verklag og taktar, og annað að detta út. Stundum blandast eitthvað saman á óviðjafnanlegan hátt.

Til dæmis hann Lars. Við skynjum held ég öll hversu óumræðilega sænskur hann er í framgöngu sinni og hugarfari. Við munum líka öll eftir Svíagrýlunni sem einu sinni hélt vöku fyrir íslenskum

handboltaáhugamönnum og hægri sinnuðum menningarvitum. Sú hugmynd að fá sænskan þjálfara til liðs við Íslendinga var áreiðanlega genialasta hugmynd Íslendings frá stofnun lýðveldisins. Sænskir íþróttamenn hafa til að bera ákveðna eiginleika sem Íslendinga hefur skort fram að þessu; aga, skipulagshæfileika, samvirkusemi en umfram allt – og einmitt það sem okkur hefur alltaf fundist svo óþolandi við Svía – sigurvissu. Þegar sænsk lið stökkva fram á völlinn geisla þau alltaf af þessari fullvissu um að þau muni sigra; og gera það líka yfirleitt. Íslenskir leikmenn hafa svo kannski til að bera einhverja eiginleika sem þeir sænsku hafa í minna mæli – og verður ekki komið öðru orði að um en „brjálæði“. Þeir hlaupa stundum hraðar en þeir geta hlaupið, gefa meira en þeir eiga, eru á góðum degi eins og góð áhöfn á aflaskipi þar sem allir ganga í öll störf – klárir!

www.ils.is

569 6900

08:00 – 16:00

Nýtt kerfi sem hjálpar þér af stað



Íbúðalána
sjóður

Stofnframlög fyrir almennar íbúðir

Samkvæmt nýjum lögum um almennar íbúðir er Íbúðalánasjóði falið að sjá um veitingu stofnframlaga ríkisins. Markmið laganna er að fjölga hagkvæmum og ódýrum íbúðum, styðja við fyrstu kaup og tryggja aukið framboð af hagkvæmum leiguíbúðum.

Stofnframlög ríkisins munu nema 18% af stofnvirði eignarinnar og framlag sveitarfélags 12% – og getur falist í niðurfellingu á gjöldum sveitarfélags. Eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags er að umsækjandi hafi þegar fengið samþykkt stofnframlag hjá sveitarfélagi.

Stofnframlagið getur verið veitt til húsnæðissjálfsagnarstofnana, sveitarfélaga, lögaðila í eigu sveitarfélaga og annarra lögaðila.

Opnað verður fyrir umsóknir hjá Íbúðalánasjóði fljótlega. Frekari upplýsingar á www.ils.is.

Hreinsum glugga og klæðningar á öllum stærðum húsa



Vanir menn - Vönduð vinnubrögð.



HÚSFÉLAGABJÓNUSTAN EHF

Sími 555 6855

www.husfelag.is

husfelag@husfelag.is





Nýjast

EM 2016 í Frakklandi

8-liða úrslit

Frakkland- Ísland 5-2

1-0 Olivier Giroud (12.), 2-0 Paul Pogba (19.), 3-0 Dimitri Payet (43.), 4-0 Antoine Griezman (45.), 4-1 Kolbeinn Sigþórsson (56.), 5-1 Olivier Giroud (59.), 5-2 Birkir Bjarnason (84.).

Leikirnir í undanúrslitunum

Portúgal - Wales 6. júlí
Þýskaland - Frakkland 7. júlí

Borgunarbikar karla

8-liða úrslit

Valur- Fylkir 5-0

1-0 Rolf Toft (4.), 2-0 Nikolaj Hansen (20.), 3-0 N. Hansen (37.), 4-0 Kristinn Sigurðsson (71.), 5-0 Kristinn Sigurðsson (73.).

Breiðablik - ÍBV 2-3

1-0 Gísli Eyjólfsson (43.), 2-0 Arnór Aðalsteinsson (47.), 1-2 Hafsteinn Briem (50.), 2-2 Simon Smidt (53.), 2-3 Simon Smidt (59.).

TAPSÁRIR ÞJÁLFAVARAR

Gærdagurinn var erfiður fyrir þjálfara Breiðabliks og Fylkis, þá Arnar Grétarsson og Hermann Hreiðarsson.

Blikar misstu niður tveggja marka forskot gegn ÍBV og töpuðu á meðan lærisveinar Hermanns voru flengdir af Valsmönnum. Hermann var sjálfur á bekknum í leiknum en skipti sér ekki inn á völinn.

Hvorugur þeirra sá sér fært að gefa fjölmiðlamönnum viðtöl eftir leikinn eins og venja er. Sendu þeir aðstoðarmenn sína í staðinn en sjálfir brunuðu þeir heim á leið.

DRAMATÍSKT HJÁ HAMILTON

Lewis Hamilton kom fyrstur í mark eftir dramatískan lokahring. Max Verstappen var annar á Red Bull og Kimi Raikkonen varð þriðji á Ferrari í austurríska kappakstrinum í Formúlu 1.

Hamilton tókst að stela fyrsta sætinu af Nico Rosberg, liðsfélaga sínum, í lok kappakstrarsins. Munurinn á þeim á stigalistanum er núna 11 stig, Rosberg í vil. Gríðarleg dramatík var á lokahring kappakstrarsins. Þá lentu Hamilton og Rosberg í samstuði með þeim afleiðingum að framvængurinn fór af bíl Rosbergs.

Hann tapaði við það toppsætinu til Hamiltons sem keyrði fyrstur í mark á meðan Rosberg varð að sætta sig við fjórða sætið.

Sebastian Vettel er í þriðja sæti stigalistans en hann er ansi langt á eftir þeim Rosberg og Hamilton. Nánar tiltekið 46 stigum á eftir Hamilton sem er í öðru sæti eins og áður segir. Kimi Raikkonen er með sama stigafjölda og Vettel. Ricciardo kemur þar á eftir með 88 stig.



Í dag

19.00 Próttur - FH Sport

Borgunarbikar kvenna:
17.30 ÍBV - Selfoss
17.30 Þór/KA - Fylkir



Lokaskrefin. Fyrirliðinn Aron Einar Gunnarsson gengur hér af velli eftir orrustuna við Frakka í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sögunlok á Stade de France

Ævintýri íslenska landsliðsins lauk á troðfullum Stade de France í gærkvöldi þar sem heimamenn í gríðarsterku frönsku landsliðið unnu 5-2 sigur á baráttuglöðu íslensku liði. Enginn gafst upp fyrr en í fulla hnefana, hvorki leikmenn né stuðningsmenn. Strákarnir voru hylltir af stuðningsmönnum í leikslok.

EM2016

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



FÓTBOLTI Einhverjum merkasta kafla í íslenski íþróttasögu lauk á Stade de France, þjóðarleikvangi Frakklands, þegar Ísland varð að jata sig sigrað gegn gríðarsterku liði heimamanna. Frakkland komst áfram í undanúrslit EM á sínum heimavelli með sannfærandi 5-2 sigri, eftir að hafa leitt 4-0 í hálfleik. Ísland var hins vegar úr leik eftir hetjulega framgöngu sína á Evrópumótinu í Frakklandi en þetta var fyrsti, og eini, tapleikur okkar manna á mótinu.

Um leið og leiknum lauk var ljóst að starfi Lars Lagerbäck sem landsliðsþjálfara Íslands var lokið. Hann gegndi starfinu í fjögur og hálf ár sem markar um leið mesta blómaskeiði í sögu íslenskrar knattspyrnu. Lagerbäck tók við særdú íslensku landsliði sem vissi að það bjó miklu meira í því en það hafði sýnt og færði það, ásamt Heimi Hallgrímssyni, meðþjálfara sínum síðustu tvö árin, í áður óþekktar hæðir.

Mættum ofjörlum okkar

Það brást enginn íslenski knattspyrnu í gær. Ekki þjálfarnir, ekki leikmennirnir og ekki þeir sem standa að liðinu á einn eða annan hátt. Í gær mætti Ísland ofjörlum

sínum á knattspyrnuvælinum. Afar sterku frönsku liði sem sýndi ekki aðeins í gærkvöldi heldur í aðdraganda leiksins að það bæri virðingu fyrir Íslandi og teldi það verðugan andstæðing.

Didier Deschamps hafði greinilega undirbúið lið sitt mjög vel og brást við leikbanni tveggja lykilmanna með því að færa leikmenn til og breyta um leikkerfi sem hentaði vel gegn íslenska liðinu. Það skilaði tilætluðum árangri – Olivier Giroud, Paul Pogba, Dimitri Payet og Antoine Griezman skoruðu allir í fyrri hálfleik og gerðu þá út um leikinn. Þetta var versti hálfleikur Íslands í keppninni og refsuðu Frakkar grimmilega fyrir hver mistök sem okkar menn gerðu.

Íslendingar mættu af krafti inn í síðari hálfleikinn og uppskáru mark snemma er Kolbeinn Sigþórsson skoraði af stuttu færi eftir sendingu Gylfa Þórs Sigurðssonar. En þá kom enn eitt kjafthöggid er Giroud skoraði öðru sinni eftir slæmt úthlaup Hannesar Þórs Halldórssonar í marki Íslands. Undir lokin skoraði þó Birkir Bjarnason sárabótarmark með skalla eftir sendingu Ara Freys Skúlasonar.

Tek hatt minn ofan fyrir Íslandi

„Ég er ánægður fyrir hönd Íslands. Afrek þeirra er frábært. Að skora tvö mörk er verðlaun fyrir Íslendinga. En við skorudum fimm og ég er ánægður með það þó svo að ég hafi ekki verið ánægður með að fá þessi

●● Ég finn það í hjartanu hversu nærri mér þetta stendur. Ég naut þess að starfa á Íslandi og það hafa verið forréttindi að taka þátt í þessu ferðalagi.

Lars Lagerbäck



» Aðeins þrjár þjóðir hafa skorað fleiri mörk en Ísland, átta mörk, á EM 2016. Frakkland (11), Wales (10) og Belgía (9).

» Birkir Bjarnason skoraði bæði fyrsta mark Íslands á Evrópumótinu sem og það síðasta fimm leikjum síðar á mótinu.

tvö á okkur,“ sagði Deschamps eftir leikinn í gær. „En þetta var merkilegt fyrir Ísland og ég tek hatt minn ofan fyrir öllu því sem Ísland hefur afrekað á þessu móti.“

Viðhorf franska þjálfarans end-

urspeglar viðhorf fleiri, ekki síst stuðningsmannanna sjálfra sem sungu frá fyrstu minútu til þeirrar síðustu á Stade de France og blésu lífi í okkar menn þegar þeir þurftu mest á stuðningnum að halda.

Leikmenn Íslands voru vonsviknir þegar þeir gengu til stuðningsmanna í gær en tóku samt undir í „vikingaklappinu“ í lokaskiptið á EM í Frakklandi. Það var stund sem verður lengi í minnum höfð enda hefur vikingaklappið farið sigurför um heiminn og er eitt sterkasta táknið um velgengni þessa magnaða íslenska landsliðs og sigurför þess á sínu fyrsta stór-móti í knattspyrnu.

Ég finn það í hjartanu

Lars Lagerbäck var þakklátur á blaðamannafundi eftir leik. Þakklátur öllum þeim sem hann hefur starfað með í kringum landsliðið en ekki síst þakklátur fyrir stuðningsmenn íslenska liðsins.

Hann var spurður hvaða minningar stæðu upp úr eftir hans langa feril í knattspyrnunni. Hann nefndi nokkur augnablik með sænska landsliðinu en sagði að tími hans með því íslenska væri honum afar ofarlega í huga.

„Ég finn það í hjartanu hversu nærri mér þetta stendur. Ég naut þess að starfa á Íslandi og það hafa verið forréttindi að taka þátt í þessu ferðalagi,“ sagði hann. „Það hefur verið virkilega sérstakt. Ísland á sér sérstakan stað í mínu hjarta.“



CITROËN C1 ELSKAR ÍSLENSKAR SUMARNÆTUR



LÁGT VERÐ



5 DYRA FRÁ EINUNGIS **1.859.000 KR.**
Veglegur staðalbúnaður: LED ljós í framstuðara, spólvörn, stöðugleikastýring, loftkæling, brekku-aðstoð sem heldur við þegar tekið er af stað í halla og margt fleira.

SÍTENGDUR



FLOTTUR 7" SNERTISKJÁR
Innanrymið er sérstaklega notendavænt með ýmsum snjöllum lausnum. Í Feel og Shine útfærslunum er glæsilegur 7" snertiskjár með Bluetooth tengingu.

SPARNEYTINN



LÁGUR REKSTRARKOSTNAÐUR
Sparneytnar og áreiðanlegar bensinvélar sem skila í senn snörpum og þægilegum akstri. C1 fær fritt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mín. í senn.

Komdu í reynsluakstur

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17. Opnið á laugardögum frá og með 6. ágúst
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

